

BORGARRÁÐ 15. febrúar 2024: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að bjóða nemendum vinnu hjá leikskólum Reykjavíkurborgar - MSS24020085

Lagt er til borgarráð samþykki að fela mannauðs- og starfsumhverfissviði, í samstarfi við skóla- og frístundasvið að vinna tillögu að að fyrirkomulagi sem gerir Reykjavíkurborg kleift að bjóða nemendum sem hafa til þess aldur, vinnu hjá leikskólum Reykjavíkur á þeim tímum, dögum sem þeim hentar og sem fellur vel að námskrá þeirra. Miða skal við að unnt verði að gera skammtímasamninga við nemana allt niður í tvo mánuði.

Greinargerð:

Eins og ljóst er öllum er gríðarleg mannekla í leikskólum sem hefur valdið því að foreldrar fá ekki pláss fyrir börn sín og sífelld er verið að hringja í foreldra og þeir beðnir að sækja börn sín því ekki tókst að manna daginn. Þessi tillaga er hugsuð þannig að opnaður verði auðveldur möguleiki fyrir nemendur í framhalds- og háskólum til að vinna í leikskólum á völdum tímum sem þeim hentar og fellur vel að námskrá þeirra. Vel kann að vera að einhverjir/fleiri nemendur séu tilbúnir að vinna á leikskólum ef þeim er gert það auðvelt að samlaga vinnuna að námi þeirra.